

Nd.

145. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu á milli Búnaðarfélags Íslands og stéttarsambands bænda, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum.

2. gr.

Lög nr. 27 frá 23. apríl 1946, um breyting á lögum um búnaðarmálasjóð, skulu úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögín um búnaðarmálasjóð verði aftur færð í það horf, er markað var í upphafi af Búnaðarfélagi Íslands, er það hófst handa um að koma þeim á og mótaði þau í samráði við öll búnaðarsambönd landsins.

En þar sem stéttarsamband bænda er nú fullstofnað og starfsvið þess skýrt afmarkað og greint frá starfsemi Búnaðarfélags Íslands. Þykir flutningsmönnum rétt, að því sé afhentur beint sá hluti af sjóðnum, er eðlilegt má teljast, að það fái til ráðstöfunar fyrir starfsemi sína. Hinum hlutanum ráðstafar svo búnaðarþing að sjálf-sögðu til aðkallandi nauðsynjamála vegna félagsstarfsemi bændastéttarinnar á þess sviði.

Nánar í framsögu.